



Borgarráð

Stofnun safns Nínu Tryggvadóttur - viðauki II við viljayfirlýsingu

Lagt er til að borgarráð samþykki viðauka II við viljayfirlýsingu um stofnun listasafns í nafni Nínu Tryggvadóttur þar sem frestur til þess að ljúka samningi um fyrirkomulag safnsins, safneignarinnar og öðrum formsatriðum er framlengdur til og með 31. desember 2020.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti þann 17. maí 2018 viljayfirlýsingu, dags. 11. maí 2018, sem undirrituð var af Reykjavíkurborg, Unu Dóru Copley og Scott Jeffries, um að sett verði á fót listasafn í nafni Nínu Tryggvadóttur. Í því felst að Reykjavíkurborg þiggur að gjöf listaverkasafn Unu Dóru Copley, erfingja Nínu Tryggvadóttur og Al Copley, og Scott Jeffries, eiginmanns hennar. Um er að ræða annars vegar listaverk eftir Nínu Tryggvadóttur og hins vegar valin listaverk úr einkasafni fyrrnefndra gefenda, auk þess sem fasteignir þeirra í New York og Reykjavík munu verða eign borgarinnar að þeim gengnum. Listasafn Nínu Tryggvadóttur skal verða sjálfstæð stofnun innan Reykjavíkurborgar eins og kveðið er á um í viljayfirlýsingunni. Kveðið var á um í fyrrnefndri viljayfirlýsingu, dags. 11. júní 2018, að gerð allra samninga og formsatriða skyldi vera lokið eigi síðar en 1. júní 2019. Vegna tafa sem urðu við meðferð málsins var á fundi borgarráðs hinn 20. júní 2019 samþykktur viðauki við viljayfirlýsinguna þar sem tilvitnaður frestur var framlengdur til ársloka 2019. Við það tilefni var bókað af hálfu borgarráðs að ekkert væri því til fyrirstöðu að framlengja frestinn enn frekar ef þörf krefði.

Þar sem lengri tíma hefur tekið að ganga frá formsatriðum og skilyrðum á grundvelli viljayfirlýsingarinnar og áður nefnds viðauka við hana en áformað var, svo sem varðandi skattamál og fleira er farið þess á leit við borgarráð að það samþykki hjálagaðan viðauka II þar sem frestur til að ganga frá framangreindum atriðum er framlengdur til 31. desember 2020.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Viðauki II við viljayfirlýsingu vegna listasafns Nínu Tryggvadóttur

Addendum II to a Memorandum of Understanding regarding the establishment of the Nína Tryggvadóttir Museum of Art dated 11 May 2018 (Memorandum)

This Addendum II to the Memorandum (the Addendum II) is entered into on [●]January 2020 by Una Dóra Copley and Scott Jeffries (Donors), and the City of Reykjavík. The City of Reykjavík and the Donors entered into the Memorandum regarding the establishment of the Nína Tryggvadóttir Museum of Art and certain donations intended by the Donors as further was set out in the Memorandum.

Pursuant to Article 7.3 of the Memorandum the parties intended in good faith to prepare all relevant documents under Article 7.2 of the Memorandum and aimed to complete all agreements and other formalities no later than 1 June 2019. Pursuant to Addendum I the parties extended the deadline until 31 December 2019.

The parties hereby agree to amend and replace the provision of Clause 7.3 of the Memorandum by extending the deadline again and it shall now remain until 31 December 2020. Clause 7.3 shall now read as follows:

“The parties intend to work in good faith to prepare all relevant documents under Article 7.2 and aim to complete all agreements and formalities no later than 31 December 2020. If the parties are unable to complete everything at this date either party can unilaterally decide to terminate this Memorandum of Understanding without liability except Articles 5.1 and 5.2”

Otherwise then is set above, the terms of the Memorandum shall remain unaltered.

This Addendum II shall be governed by Icelandic law and subject to the exclusive jurisdiction of the District Court of Reykjavík c.f. Articles 6.1 and 6.2 of the Memorandum.

This Addendum II is made in three identical copies one for each party.

IN WITNESS WHEREOF, the parties have executed this Addendum II on the date first above written.

Una Dóra Copley

Scott Jeffries

CITY OF REYKJAVÍK

Witnessed by: